

**Ed.**

**868. Breytingartillaga**

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Hermanni Jónassyni.

Í stað 39. gr. og 40. gr. kemur ein grein, er verður 39. gr. og orðast þannig:

Ríkisstjórnin skal nú þegar hefja rannsókn á því, hvernig opinberum störfum og embættum verði fækkað og starfsmannakerfi ríkisins gert einfaldara og ódýrara en nú er. Skal ríkisstjórnin leggja tillögur um þessi atriði fyrir næsta þing. Enn fremur skal ríkisstjórnin leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um réttindi og skyldur embættismanna og opinberra starfsmanna.

Þegar lög eða ályktanir um þessi atriði, fækkun opinberra starfa og embætta og réttindi og skyldur embættismanna, hafa tekið gildi, ganga lög þessi og í gildi samtímis.